

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1841
komudagur 16.5.2014

Ágæti þingmaður

Egilsstöðum 16. maí 2014

Sérstök athugasemd við frumvarp um kvótasetningu úthafs-rækjuveiðar. Þingmál 153.

Til undirritaðs hefur verið leitað að hálfu fyrirtækisins Eyrarhóls ehf., sem er útgerðaraðili rækjubátsins Árna á Eyri ÞH 205, sknr. 2150.

Í ljósi framkomins nefndarálits við þingmál 153, þ.e. við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, er félaginu nauðsynlegt að koma að athugasemd við málið. Í frumvarpinu er horft til þriggja ára veiðireynslutímabils aftur til fiskveiðiársins 2012/2013.

Útgerð bátsins hófst í ágúst 2013, eftir undirbúning þar áður. Árni á Eyri ÞH, hefur verið gerður út á úthafs-rækju frá Húsavík. Á yfirstandandi fiskveiðiári hafa verið veidd tæp 60 tonn af úthafs-rækju, sbr. meðfylgjandi útprentun af vef Fiskistofu.. Útgerð bátsins hefur hvílt á því að veiðar á úthafs-rækju hafa farið eftir 1. mgr. 8. gr. fiskveiðistjórnunarlaga, sem orðast svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálssar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.

Þessi atvinnuréttindi Eyrarhóls ehf. hvíla á lögum. Atvinnuréttindin eru lögbundin.

Með hliðsjón af efni frumvarpsins og breytingartillagna atvinnuveganefndar fengi báturinn Árni á Eyri ÞH ekki neina aflahlutdeild í úthafs-rækju, þrátt fyrir virk atvinnuréttindi til slíkra veiða. Báturinn hefur veiðireynslu á yfirstandandi fiskveiðiári, en sú reynsla mun ekki nýtast við úthlutun kvóta. Áréttað er að sú staða gildir hvort sem úthlutun fari fram að 50% leyti eftir veiðireynslutímabili laganna eða að öllu leyti.

Verði ekki miðað við nýjustu veiðireynslu verður Eyrarhóll ehf. fyrir skerðingu atvinnuréttinda, sem verulega orkar tvímælis að standist kröfur stjórnarkrár sbr. einkum atvinnufrelsisákvæði 74. gr. og eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrár. Þótt almannahagsmunir leiði til kvótasetningar úthafs-rækju, verður hvorki séð að almannahagsmunir standi til þess að útiloka útgerð Eyrarhóls ehf. frá rækjuveiðum eða að slíkar reglur samræmist meðalhófssjónarmiðum.

Eyrarhóll ehf. sem stundað hefur löglegar rækjuveiðar, en væri með lagasetningu gert að hætta þeim, hefur ekki aðra úrkosti til að leita réttar síns en að leita til dómstóla. Þá kæmu jafnframt skoðunar sjónarmið um það hvort heimilt sé að úthluta einungis 50% af aflamarki eftir veiðum, en 50% m.t.t. til niðurfalinnna atvinnuréttinda fyrri kvótahafa. **Virk atvinnuréttindi verða einungis tryggð með því að kvótaúthlutun fari að öllu leyti eftir nýlegri veiðireynslu fram að kvótsetningu.**

Þess skal getið að á stöðu af svipuðum toga reyndi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 371/2005, sjá <http://www.haestirettur.is/domar?nr=3790&leit=t> Þar hátaði svo til við kvótasetningu á grundvelli reglugerðar, fékk báturinn Síldey enga aflahlutdeild, en hann hafði farið í tvær veiðiferðir í júlí og ágúst 2001, en veiðireynslutímabil reglugerðar voru þrjú ár frá 1. júní 1998-31. maí 2001. Ríkið var dæmt skaðabótaskyldt. Bótaskylda ríkisins var staðfest bæði í héraðsdómi og Hæstarétti, en á mismunandi forsendum sem er athyglivert.


Staða bátsins Árna á Eyri ÞH, kann að verða grundvöllur skaðabótaábyrgðar ríkissjóðs.

Að áliti Eyrarhóls ehf., verður að taka inn nýjustu mánuði veiða inn í veiðireynslutímabil.

Þess er óskað að framkomið frumvarp verði ígrundað frekar, svo starfandi útgerðir verði ekki fyrir skerðingu atvinnuréttinda, án þess að fá nokkurn veiðirétt til framtíðar. Eftir atvikum verði frumvarpið tekið til umfjöllunar í atvinnuveganefnd á nýjan leik.

Hægt er að hafa samband við undirritaðan varðandi frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,



Jón Jónsson hrl.

Fylgiskjal. Yfirlit um heildarafla Árna á Eyri 2013/2014, sótt á vef Fiskistofu.

Afrit: Atvinnuvegaráðuneytið.

HEILDARMAGN AFLA SEM ER ENDANLEGA VIGTAÐUR Á ÍSLANDI

Tegund	Veiðisvæði		Magn (Kg)
Gullkarfi	Innan landhelgi	Ísað - óslægt	1
Rækja	Innfjarða	Ísað - heill/heil	515
Rækja, Ísuð, soðin, Íslensk landhelgi	Innan landhelgi	Ísað - soðin	11.348
Steinbitur /óslægður	Innan landhelgi	Ísað - óslægt	2
Úthafsækja	Innan landhelgi	Ísað - heill/heil	46.125
Ýsa /óslægð	Innan landhelgi	Ísað - óslægt	353
Þorskur /óslægður	Innan landhelgi	Ísað - óslægt	632
Þorskur-undirmál/ósl	Innan landhelgi	Ísað - óslægt	16